



Eddukvæði

# Eddukvæði

- Forn germönsk frásagnarkvæði
    - F. og fr. varðveist á Íslandi
      - Bjólfskviða (fornensk)
      - Hildibrandskviða (fornþýsk)
  - Kveðin undir svokölluðum eddukvæðaháttum:
    - Fornyrðislag
    - Ljóðaháttur
    - Auk þess: Málaháttur
- Meginhættir eddukvæða
- Höfundarlaus



# Einkenni eddukvæðahátta

- Fornyrðislag
- Oftast 8 braglínur
- 4-5 atkvæði í hverri braglínu
- 2 áhersluatkvæði í hverri braglínu
- Tvær og tvær línur stuðla saman
  - Oft einn stuðull á móti höfuðstaf

## Úr *Völuspá*

**E**g man jötna

**á**r um borna

pá er **f**orðum mig


**f**ædda höfðu.

**N**íu man eg heima,

**n**íu íviðjur

**m**jötvið **m**æran

fyr **m**old neðan.



# Einkenni eddukvæðahátta

## Ljóðaháttur

- 6 braglínur
- 3. og 6. lína oft lengri en hinar
- 3. og 6. lína sér um stuðla
- 1. og 2. lína stuðla saman og aftur 4. og 5. lína.

## Úr *Hávamálum*

Deyr fé

deyja frændur,

deyr sjálfur hið sama.

En orðstír

deyr aldregi

hveim er sér góðan getur.



# Eddukvæðahættir

- Fornyrðislag
  - Epískur – notaður á frásagnarkvæði t.d. ýmis hetjukvæði og Völuspá
- Ljóðaháttur
  - Notaður í leikrænum kvæðum sem einkennast af samtölum eða einræðum t.d. Hávamálum.
    - Áberandi í kvæðum sem hafa hugsanlega verið e.k. helgileikir, s.s. Skírnismál og Lokasenna.

# Varðveisla eddukvæða

- Flest varðveitt í *Konungsbók eddukvæða* (Codex Regius) frá (u.þ.b.) 1275 (um 30 kvæði)
  - Líka kölluð *Sæmundar-Edda*
- AM748 4to (7 goðakvæði)
- *Snorra-Edda* – Ýmis handrit
- Fornaldarsögur Norðurlanda
- Ungleg pappírshandrit, m.a. Hrafnagaldur Óðins





# Yrkisefni eddukvæða



- Tveir meginflokkar: Goðakvæði og hetjukvæði
  - I. Goðakvæði – fjalla um goðin og viðureignir þeirra hvert við annað og við aðrar yfirnáttúrulegar verur (t.d. jötna, dverga)
    - Goðin eru breysk, ekki almáttug og hafa rangt við í viðureign við aðra
    - Goðin oft sýnd í spaugilegu ljósi
    - Goðakvæðum má skipta í tvo flokka:
      - a. Goð og aðrar vættir, sköpun heims o.fl.
      - b. Heilræði og heiðin lífsspeki



# Yrkisefni eddukvæðanna

- II. Hetjukvæði
  - Kvæði um dauðlega konunga og hetjur
    - þó ofurmannlegir að nokkru leyti
      - lifa t.d. óvenjulengi
    - Fjölskylduátök, ást og dauði.

